

**Sp. 239. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]**

um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvernig hægt sé að taka réttlátt tillit til kostnaðar af framfærslu námsfólks yfir 16 ára að aldri í trygginga- og skattalöggjöf landsins.

**Greinargerð.**

Samkvæmt núverandi skipan tryggingamála hætta fjölskyldubætur vegna barna við 16 ára aldur. Í skattamálum og á fleiri sviðum eru mörk dregin við sama aldur, skattgreiðendum í óhag.

Þeir, sem hafa á framfæri námsfólk yfir 16 ára, vita af reynslu, hversu ósann- gjarnt þetta aldurstakmark er. Ýmsum finnst, að um 16 ára aldurinn verði kostnaður vegna námsfólksins meiri en nokkru sinni fyrr.

Tilgangur þessarar tillögu er að fá það kannað, hvernig bæta megi úr því óréttlæti, að menn missi fjölskyldubætur og skattafrádrátt vegna barna, þegar þau í raun verða fjölskyldunni dýrust. Þegar niðurstöður slíkrar athugunar liggja fyrir, má væntanlega velja um leiðir til úrbóta.

Erlendis er vandamál þetta vel þekkt, og hafa verið farnar ýmsar leiðir til leiðréttingar. Í ársskýrslu framkvæmdastjóra ILO, alþjóðavinnuástandstofnunarinnar, fyrir 1960, sem m. a. var gefin út í Osló undir nafninu „Ungdom og Arbeid“, segir svo á bls. 92:

„Venjulega hætta fjölskyldubætur vegna barna við aldur á milli 15 og 18 ára. Þar sem skyldunám tíðkast, eru ávallt greiddar bætur fram til þess tíma, er við- komandi börn ná lágsta aldri til að hætta námi. Í nokkrum löndum, svo sem Kanada og Frakklandi, má ekki greiða bætur, nema barn sæki reglulega skóla. Í flestum löndum skapa reglur grundvöll til áframhaldandi bóta fram yfir meðalaldur barna í framhaldsskólum. Þetta á þá við börn, sem stunda reglulega dagskóla til fram- haldsnáms, bóknáms eða verknáms, sem iðnnemar eða á annan hátt. Slíkar fram- haldsbætur gilda venjulega í 2—3 ár, en á nokkrum stöðum er hægt að greiða bætur, þar til viðkomandi er 25 ára gamall. Í Hollandi eru mörkin meira að segja 27 ár. Á nokkrum stöðum breytist upphæð bótanna eftir aldri barnsins. Í nokkrum kantón- um Sviss eru t. d. reglur, sem veita aukabætur fyrir börn, sem eru iðnnemar eða halda áfram skólagöngu, ef fjölskyldufaðirinn er launþegi.“